



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hámarks magn transfitusýra í matvælum, 45. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda þingsályktunartillögu.


Samtökin taka heils hugar undir það sjónarmið að takmarka beri innihald transfitusýra í matvælum eftir föngum en telja þó helst til djúpt í árinna tekið að „fjölmargir Íslendingar séu í bráðri hættu vegna ofneyslu á fitusýrum“ eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni.

Samtök iðnaðarins hafa, frá því upplýsingar um skaðsemi transfitusýra komu fram, ítrekað beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna að leita leiða til að takmarka notkun transfitusýra eins og mögulegt er. Iðnaðurinn hefur brugðist við með þeim hætti að nú heyrir til undantekninga að transfitusýrur greinist í miklu magni í íslenskum matvælum. Í rannsókn sem Ólafur Reykdal, sérfræðingur hjá Matís, gerði á innihaldi transfitusýra í íslenskum matvælum sumarið 2008 kemur í ljós að stórlega hefur dregið úr innihaldi transfitusýra á allra síðustu árum. Þetta kemur fram í frétt sem birtist á vef Matís á slóðinni: <http://www.matis.is/um-matis/frettir/2008/09/10/nr/2228>. Niðurstöður mælinganna eru á vef Matís á slóðinni: http://www.matis.is/media/fraedslu//ISGEM_Fitusyrur_2008.pdf. Þær sýna að transfitusýrur fundust þá í nokkrum smjörlikistegundum, hversdagsís og djúpsteiktu bakkelsi. Síðan þá hefur transfitusýrum verið algerlega útrýmt úr öllu smjörliki og minnkað um a.m.k. helming í hversdagsís. Unnið er að þróun transfitusýrulausrar djúpsteikingarfeiti, sem hentar til kleinubaksturs, og er gert ráð fyrir að það takmark náist fyrir árslok.


Upplýsingarnar sem vitnað er í í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni eru því algerlega úreltar. Í ljósi þess árangurs, sem þegar hefur náðst við að útrýma transfitusýrum úr íslenskum matvælum, telja Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins ekki tilefni til að eyða dýrmætum tíma og fjármunum í reglusetningu á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Pétur Reimarsson,
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs